

Verðlagsskrá,
sem gildir íBorgarfjarðar, Gullbringu og Kjósar, Árnes, Rangárvalla og Vestmannaeyjasýslu, og í
Reykjavíkurbæ, frá miðju maímánadar 1875 til sama tíma 1876.

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Fríður peningur:</i>						
1.	1 c 1 kúr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðar loka, í fardögum . . .	95	43	95	43	79,5
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	10	75	64	50	53,8
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti	14	45	86	70	72,3
4.	— 8 — tvævetrir	11	22	89	76	74,9
5.	— 12 — veturgamlir	8	38	100	56	83,8
6.	— 8 ær geldar	10	32	82	56	68,8
7.	— 10 — mylkar	6	98	69	80	58,2
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum	75	29	75	29	62,1
9.	— 1 $\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri hver á	54	40	72	53	60,4
<i>B. Ull, smjör og tólg:</i>						
10.	1 c 120 z af hvíttri ullu, vel þveginni pundið á	"	90	108	"	90
11.	— 120 - af mislitri ullu, vel þveginni	"	69	82	80	69
12.	— 120 - af smjöri, vel verkuðu	"	65	78	"	65
13.	— 120 - af tólg, vel bræddri	"	37	44	40	37
<i>C. Tóvara af ullu:</i>						
14.	1 c 30 z hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	"	"	"	"	"
15.	— 60 þör eingirnissokka parið á	"	62	37	20	31
16.	— 30 — tvíbands gjaldsokka	1	34	"	"	"
17.	— 180 — sjóvetlinga	"	28	50	40	42
18.	— 20 eingirnispéisur hver á	2	56	"	"	"
19.	— 15 tvíbands gjaldpeisur	4	25	"	"	"
20.	— 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs 1 alin á	1	30	"	"	"
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar	"	99	"	"	"
<i>D. Fiskur:</i>						
22.	1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	10	78	64	68	53,9
23.	— 6 — - harðfiski, — — — —	18	75	112	50	93,8
24.	— 6 — - þyrsklingi, — — — —	11	"	66	"	55
25.	— 6 — - hákarli, hertum	10	37	62	22	51,9
26.	— 6 — - ýsu, hertri	10	76	64	56	53,8
<i>E. Lýsi:</i>						
27.	1 c 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis 8 pottar á	3	17	47	55	39,6
28.	— 1 — — - hákarlslýsis	3	4	45	60	38
29.	— 1 — — - selslýsis	3	20	48	"	40
30.	— 1 — — - þorskalýsis	3	2	45	30	37,8
<i>F. Skinnavara:</i>						
31.	1 c 4 fjórðungar nautskinnis 10 pund á	14	84	59	36	49,5
32.	— 6 — — - kýrskinnis	12	48	74	88	62,4
33.	— 6 — — - hross-skinns	10	43	62	58	52,2

	í þeningum.		Hundrað á		Alin.
	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
34. 1 or 8 fjórðungar sauðskinn, af tvævetrum og eldri 10 pund á	7	79	62	32	51,9
35. — 12 — sauðskinn, af veturgömlum og ám	5	58	66	96	55,8
36. — 6 — selskinn	9	71	58	26	48,6
37. — 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á	»	24	57	60	48
<i>G. Ýmislegt:</i>					
38. 1 or 6 ½ af æðardún, vel hreinsuðum pundið á	16	12	96	72	80,6
39. — 40 — — — — — óhreinsuðum	4	13	165	20	137,7
40. — 120 — — fuglafiðri 10 pund á	7	94	95	28	79,4
41. — 40 — — fjallagrösum	2	99	11	96	10
42. 5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	29	54	96	45,8
43. 5 — 1 lambsfóður	3	46	83	4	69,2

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landa-
um verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	81	90	68,2
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	78	30	65,2
— <i>C. — í ullar tövöru</i>	43	80	36,5
— <i>D. — í fiski</i>	73	99	61,7
— <i>E. — í lýsi</i>	46	61	38,8
— <i>F. — í skinnu-vöru</i>	63	14	52,6
En meðalverð allra landaura samantalið,	387	74	323,2
og skipt með 6, sýnir:			
meðalverð allra meðalverða	64	62	53,9

Reykjavík, 4. dag febrúarmán. 1875.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Eptir að þjer herra bæjarfógeti haði skýrt mjer frá, að bæjarstjórnin muni verða mjer samdóma í því að leggja húseigöndum að minnsta kosti eigöndum hinna stærri húsa þá skyldu á herðar, að eignast og við halda á sinn kostnað nokkrum slökkvitólum, og að hún muni rannsaka, hvort slíkar kerrur eða sleðar til að flytja á vatn, sem jeg hef getið um í brjefi mínu frá 12. f. m. sjeu hentugar og, ef svo reynist, kaupa þær — skal reglugjörð sú um, hver slökkvitól Reykjavíkurkaupstaður er skyldur að eiga, og viðhalda, sem mjer var send með brjefi frá 18. desember f. á. hjer með staðfest, þó ekki um lengri tíma en til útgöngu þessa árs, og býst jeg við að fá að sumri skýrslu frá bæjarstjórninni um árangur hinnar nefndu rannsóknar hennar.

Reglugjörð

um hver slökkvitól Reykjavíkur kaupstaður skal skyldur að eiga og við halda.

Reykjavíkur kaupstaður skal skyldur að eiga og við halda slökkvitólum þeim, er nú skal greina.

1. 2 einfaldar sprautar með slöngum og öðru því, sem þeim heyrir.
2. 1 sprautu með 2 dælum hjer um bil 5" að þvermáli hvor, 2 leðurslöngum 2" að þvermáli og öðru því, sem slíkri sprautu þarf að fylgja.
3. 80 fötur.